

104. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.
Haldinn í Bergi 19. ágúst 2021. Fundur hófst kl. 17:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Gunnar Eiríksson (varamaður Þórhöllu Karlsdóttur) og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

Dagskrá:

1. **Framtíð kaffihúss og ræstinga.** Samningstíma við Böggvisbrauð er að ljúka og óska þau ekki eftir framlengingu þó að mjög vel hafi gengið í sumar. Stjórnin færir þeim bestu þakkir fyrir mjög gott samstarf. Nú þegar verður auglýst eftir nýju fólki til að taka við kaffihúsinu og ræstingum. Formanni og forstöðumanni veitt umboð til að ganga frá samningum við nýja rekstraraðila.
2. **Viðburðir sumarsins.** Í júní og júlí gengu viðburðir í húsinu vel en vegna covid hafa þeir legið niðri í ágúst. Miðað við óbreyttar samkomutakmarkanir standa vonir til að hægt verði að taka upp þráðinn að nýju í september og þá rúmar salurinn a.m.k. 90 gesti.
3. **Uppskeruhátið.** Forstöðumanni falið að útfæra hugmynd um markaðsdaga í Bergi þar sem þeir sem eru með viðurkenndar framleiðsluáætlaðar gætu komið og selt framleiðslu sína.

Fundi slitið kl.18:20.